

## **Greinargerð með viðauka 1 við fjárhagsáætlun Höfða 2021**

Helstu frávik frá fjárhagsáætlun 2021 samkvæmt viðauka 1 eru eftirfarandi:

### **Tekjur:**

Tekjuáætlun ársins er endurskoðuð miða við útgefna gjaldskrá SÍ en hún lá ekki fyrir við gerð fjárhagsáætlunar 2021. Áhrif til hækkunar frá áætlun er 46,2 mkr. á daggjöldum. Húsnæðisgjald hækkar um 3,6 mkr. frá upphaflegri áætlun. Auk þess koma inn í viðauka áætlaðar tekjur vegna tímabundina biðryma frá Landspítala upp á 28,8 mkr. Endurgreiðsla sveitarfélaga hækkar um 2,4 mkr. frá áætlun vegna vanáætlunar á framlagi eignaraðila vegna greiðslu langtímalána.

Samtals hækka tekjur um 80,1 mkr. í viðauka 1.

### **Launaliðir:**

Laun og launatengd gjöld hækka um 35,2 mkr. í viðaukanum vegna Betri vinnutíma vaktavinnufólks sem tók gildi 1. maí 2021 sem hafði ekki áður verið áætlað fyrir. Áætlaður kostnaður vegna BVV er 5% á ársgrundvelli.

### **Annar rekstrarkostnaður:**

Á lykil 2253 Stoðtæki er fært til hækkunar 400 þús.kr vegna aukinnar þarfa íbúa fyrir stoðtæki.

Á lykil 2640 Málningarvörur er fært til hækkunar 300 þús.kr. og móti til lækkunar um sömu upphæð á lykli 4955 Málning. Áður var áætlað bæði fyrir efni og vinnu á sama lykli.

Á lykil 4630 Viðhald hjúkrunar- og hjálpartækja er fært til hækkunar 2 mkr. vegna kaupa 5 nýjum hjúkrunarrúmum.

Á lykil 4660 Viðhald áhalda fært til hækkun 1,5 mkr. vegna kaupa á nýjum hitakössum og öðrum búnaði.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 3,9 mkr. í viðauka 1.

Á lykil 5755 Verðbætur er fært til hækkunar 1 mkr. vegna verðbólguáhrifa umfram áætlun.

Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð um 323 þús.kr. samkvæmt viðauka 1 í stað neikvæðrar afkomu upp á 40,6 mkr. skv. upphaflegri fjárhagsáætlun 2021.

Samkvæmt sjóðstreymi viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok nemi samtals 180 mkr. og hækki um 41 mkr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2021.

Akranesi, 2. september 2021

Kjartan Kjartansson  
framkvæmdastjóri Höfða.